

## Fundargerð 140. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 23. janúar 2020 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Guðni Þór Elisson, Agnar Ólason, Þorsteinn Hjálmarsson, Andrés Bjarnason og Brynjólfur Árnason.

Fjarverandi: Svanur Gunnsteinsson og Símon Guðvarður Jónsson.

Dagskrá :

1. Attentus – skýrsla. - Erlendur Stefánsson.
2. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr.139.
3. Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála VM.
4. Orlofsmál.
5. Húsnæðismál.
6. Önnur mál.

### 1. Attentus – skýrsla – Erlendur Stefánsson

Formaður bauð menn velkomna og kynnti Erlend Stefánsson sem starfar hjá Attentus, en þau sáu um að taka út starfsemi félagsins. Erlendur sagði að talað hefði verið við alla 10 starfsmenn félagsins og lagðar fyrir þá staðlaðar spurningar. Spurningarnar eru ekki persónugreinanlegar. Erlendur fór síðan yfir greininguna sem þau gerðu og helsta niðurstaða þeirra var að hér er almenn starfsánægja og það sem gera þarf betur er að skilgreina hvað er á borði stjórnar og hvað er á borði formanns og samskipti undirnefnda við formann og starfsfólk. Rof verður í samfelldum rekstri við formannsskipti og þess vegna verða allir ferlar að vera til staðar svo starfsemin gangi sinn vanagang. Mikilvægt er að skilgreina stefnu félagsins þ.e. fara í stefnumótunavinnu. Formaður þakkaði Erlendi fyrir og hann fór af fundi. Formaður ræddi þá um að á síðasta fundi hefði verið talað um að fara í stefnumótunavinnu og það þyrfti að finna tíma fyrir það sem fyrst.

### 2. Frágangur á fundargerð 139. stjórnarfundar

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

### 3. Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála VM.

Formaður fór yfir þá samninga sem eru í gangi núna og hver staða þeirra er. Samningur Norðurorku er kominn í á heimasíðuna, allt plaggið. Mjög mikilvægt er að vera með heildarsamningana á vefnum.

Formaður sagði frá fundum um jóla og áramót, færri mættu á fundina núna en síðast nema í Reykjavík og á Ísafirði. Fjarfundur var tekinn í Vestmannaeyjum þar sem flug var fellt niður daginn sem átti að fundu.

Grein um verðlagsmál mun birtast á [www.visir.is](http://www.visir.is) í dag og síðan kemur auglýsing í Fréttablaðinu á morgun.

Nefnd um samskipti við nema hittist fyrir fundinn til að ræða hvernig best sé að ná til nema. Þeir lögðu til að farið yrði í greiningarvinnu til að sjá hvað við eigum marga sem klára sveinspróf. Koma þarf á betri tengslum við nemendafélögin.

#### 4. Orlofsmál

Formaður sagði frá skýrslu sem gerð var vegna orlofshúsanna. Mjög góð skýrsla en margt sem vantar og það þarf að vinna hana áfram. Svo er spurningin hvort við eigum að sækja fé í félagssjóð eða selja fleiri hús. Stjórnarmaður sagðist vera þeirrar skoðunar að vera með færri hús og þá í betra ástandi. Ekki til í að taka úr félagssjóði. Rætt var um að það þyrfti að taka út öll húsin, út um allt land og búa til stefnu um hvað við ætlum að gera. Formaður sagði að orlofsnefnd þyrfti að fara að klára sína vinnu, þ.e. 5 ára áætlun og leggja svo fyrir stjórnina. Orlofsmálin verða svo tekin með í stefnumótunarvinnunni.

#### 5. Húsnæðismál

Formaður sagði frá því að búið væri að gera faglega úttekt á þökum Stórhöfða 25 og 27 eins og óskað var eftir og skýrslan er í fundargögnunum. Við erum að kaupa af þeim og borga með okkar. Reglur eru til á markaði um hvað er gert þegar eitthvað kemur upp og hvernig bregðast á við.

#### 6. Önnur mál

- Óskað var eftir að keypt yrðu buff með lógói félagsins, og var það samþykkt.

Fundi slitið: 15:15